

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2023

SFS23100057

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (sambættingar þjónustu ofl.).**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fagnar því að skýrt sé kveðið á um hlutverk starfsfólks í að stuðla beri markvisst að velferð og farsæld barna með því að fylgjast með og bregðast við ef þörfum þeirra er ekki mætt. Einnig er jákvætt að hugtakinu „sérþarfir“ sé skipt út fyrir orðið „stuðningsþarfir“. Mikilvægt er að kveðið sé á um þátttöku barna í stefnumótun, gerð aðalnámskrár og skólanámskrár.

Með tillögu að breytingu á 13. gr. grunnskólalaga, 1 mgr., 6. og 7. másl. er hætt við að áhersla á lýðræðislegan rétt nemenda, til að hafa m.a. áhrif á umhverfi sitt og námið, tapist. Með breytingunni mætti túlka greinina sem svo að um sé að ræða hagsmuni hvers og eins nemanda frekar en nemendahópsins og merkingin þannig þrengd frá því sem nú er. Því er lagt til að halda 6. og 7. másl. 1. mgr. óbreyttum en bæta við 8. másl. (samhljóma seinni hluta breytingatillögu) þar sem segir: „Við meðferð og úrlausn máls sem varðar nemanda skal taka tillit til sjónarmiða og skoðana nemandans í samræmi við hagsmuni hans hverju sinni“. Þannig teljum við að hægt sé að tryggja bæði hagsmuni nemenda bæði sem hóps og einstaklinga.


Þegar fjallað er um börn og unglinga í tengslum við tómsunda- og félagsstarf er mælt með að tala ekki um „nemendur“ heldur nota frekar orðið „börn“ og á það t.d. við í 33. grein núverandi laga um grunnskóla.

Talað er um í 18. og 28. gr. frumvarpsins að starfsfólk grunnskóla og starfsfólk sem sinnir tómsunda- og félagsstarfi skuli taka sæti í stuðningsteymi eftir atvikum. Betur færi á því að gera ávallt ráð fyrir að starfsfólk grunnskóla, félagsmiðstöðva og frístundaheimila taki sæti í stuðningsteymi.

Í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík er lögð rík áhersla á réttindi barna og innleiðingu á Réttindaskólum og Réttindafrístund. Því teljum við afar jákvætt hversu mikil áhersla er lögð á að samræma ákvæði laganna við ákvæði Barnasáttmálans og að einkum sé litið til ákvæða 12. greinar um þátttöku barna.

Einnig er það mikið fagnaðarefni að komin sé löggjöf sem leggur áherslu á aukna samfellu þvert á þjónustukerfi óháð því hvort um er að ræða aðila sem veita almenna þjónustu og/eða farsældarþjónustu.

f.h. Reykjavíkurborgar,



Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs